

Lög um fiskeldi og ólígarkar

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Í fyrstu greininni af sextán í Morgunblaðinu var komist þannig að orði: „Undirritaður mun sýna fram á í nokkrum greinum að framin hafa verið alvarleg stjórnsýslubrot þar sem stærstu laxeldisfyrirtæki Íslands höfðu mikla aðkomu að breytingu nýgerðra fiskeldislaga.“

Í greininni var rakið hvað hafði verið gert til að reyna að vekja athygli stjórnmalamanna á málinu án þess að þeir hefðu fyrir því að svara eða þakka fyrir ábendingarnar. Ítrekað hefur verið farið fram á að gerð verði opinber rannsókn, m.a. beiðni til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og umboðsmanns Alþingis, án þess að það hafi skilað árangri.

Ólígarkar

Eftir að hafa skrifað nokkar greinar í Morgunblaðið fékk ég ábendingu um að það sem væri verið að fjalla um væri skilgreint „Að fanga ríkisvaldið“ (e. state capture). Í því sambandi var einnig bent á: „Í umbreytingarhagkerfum (e. transition economies) hefur spilling tekið á sig nýja mynd; hinir svokölluðu klíku-bræður, „ólígarkar“, vasast í stefnumótun stjórnvalda og móta jafnvel leikreglurnar sjálfir til að þjóna eigin hagsmunum og gefa sjálfum sér þannig einstakt forskot á aðra á markaði.“

Stefnumótunin

Í greinunum hefur verið fjallað um hvernig íslenskir leppar erlendra fjárfesta hafa unnið með lobbíisma að því að ná miklum fjárhagslegum ávinningi, m.a. að koma sér í þá stöðu að vera helstu ráðgjafar stjórnvalda við stefnumótun í fiskeldi. Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða voru í stefnumótunarhópnum þar sem fyrirhuguð stefnumótun stjórnvalda og atvinnugreinarinnar breyttist í að vera að stærstum hluta stefnumótun íslenskra leppa og erlendra fjárfesta.

Hindranir og tækifæri

Vinna íslenskra leppa í stefnumótuninni hefur miðast við að setja hindranir eða koma í veg fyrir að hindranir yrðu settar og í mjög stuttu máli má t.d. nefna:

Blokkera: Til að geta haldið svæðum var heimild gefin í lögum til að blokkera eldissvæði í a.m.k. fimm ár með það að yfirsíni að það eigi að hefja eldi á ófrjóum laxi. – Þróun á ófrjóum laxi er búð að stunda í um 30 ár og ekkert sem bendir til að þeirri vinnu verði lokið á næstunni.

Erlent eignarhald: Með því að koma í veg fyrir takmarkanir á erlent eignarhald laxeldisfyrirtækja var hægt að skrá þau á erlendan hlutabréfamarkað, auka eftirspurnina og ná miklum fjárhagslegum ávinningi.

Leiðin til ávinnings: Engar reglur um eignaraðild gáfu einum eða fáum erlendum aðilum möguleika á að



Valdimar Ingi Gunnarsson

eignast meirihluta í laxeldisfyrirtækjunum, verðleggja hlutabréfin, selja síðan ákveðinn hluta bréfanna við skráningu á erlendan hlutabréfamarkað og eiga þannig möguleika á ná til baka öllum þeim fjármunum sem búð var að leggja í félagið – og jafnvel eignast fyrirtækið án þess að leggja í raun neina fjármuni til þess.

Tryggja enn meiri

» „Ólígarkar“ vasast í stefnumótun stjórnvalda og móta jafnvel leikreglurnar sjálfir til að þjóna eigin hagsmunum.

Ávinning: Unnið var á móti því að takmarkanir væru settar á stærð laxeldisfyrirtækja til að tryggja sem mestan fjárhagslegan ávinning.

Úthlutunarkerfi: Komið var á áhættumati erfðablöndunar sem úthlutunarkerfi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila sem hefur ekkert eða lítið með umhverfisvernd að gera.

Fjárhagslegur ávinningur

Íslenskir leppar og erlendir fjárfestar hafa náð og geta náð enn meiri fjárhagslegum ávinningi:

Arnarlax getur verið með eldisleyfi að verðmæti rúmum 60 milljarðar króna.

Fiskeldi Austfjarða getur verið með eldisleyfi að verðmæti um 45 milljarðar króna.

Heildarverðmæti eldisleyfa laxeldisfyrirtækja gæti numið um 170 milljörðum króna.

Framtíðarsýn

Það má gera ráð fyrir enn meiri ávinningi ef stjórnvald fara ekki að vinna sína heimavinnu og engin breyting verður gerð. Að óbreyttu getur framtíðarsýnin verið þessi:

Mismunandi stefna: Eldisleyfi til sjókváeldis á laxi verði að mestu í eigu útlendinga en á sama tíma er mikil andstaða og hindranir fyrir erlendri eignaraðild á sjávarútvegsfyrirtækjum, laxveiðiám og bújörðum.

Hagnaðurinn fluttur út: Erlendir fjárfestar, sem fyrst komu að laxeldisfyrirtækjunum og eignuðu sér auðlindina „íslenskir firðir“, geta verið búnir að selja sín hlutabréf og ná miklum fjárhagslegum ávinningi sem byggist á verðmæti eldisleyfa.

Mikill slagkraftur: Laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila sameinuð í eitt fyrirtæki sem er þá þrjár sinnum stærra en Brim og hefur þannig mikinn slagkraft til að fá sitt fram, bæði gagnvart litlum sveitarfélögum og ríkisvaldinu.

Að lokum

Það sem einkennir þetta mál er að opinberir starfsmenn, stjórnmalamenn og aðrir hafa verið misnotaðir eða hreinlega blekkir og því eðlilegt að þeir vilji ekki vekja mikla athygli á málinu. Uppbygging laxeldis á Íslandi hefur tekið mið af því að íslenskir leppar og erlendir fjárfestar nái sem mestum fjárhagslegum ávinningi. Það sorglega er að viðgengist hafa vinnubrögð eins og tíðkast í vanþróuðum ríkjum. Þótt framgangurinn í þessu máli hafi verið lítill eða enginn verður haldið áfram að vekja athygli á því og koma ábendingum á framfæri til þeirra sem hafa vilja, vald og getu til að taka á spill-ingarmálum.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.
valdimar@sjavarutvegur.is